

Danska 9.b. 2023-2024

Kennarar: Þórleif Guðjónsdóttir

9

Skólaárið

2023 - 2024

Helstu námsþættir vetrarins

Áhersla er lögð á að vinna með færniþættina fimm, lestur, hlustun, framsögn, ritun og menningarlausni. Haft er að leiðarljósi að fjalla fyrst um þá þætti sem standa nemendum næst, þ.e. um þá sjálfa, nánasta umhverfi þeirra, skólann, fjölskylduna, áhugamál, upphaldsmatinn, gæludýr, íþróttir o.s.frv. Það samtvinnast í verkefnum tengdum orðaforða. Það verða hefðbundin vinnubókarverkefni sem innihalda m.a. eyðufyllingar, krossgátur, orðarugl, hlustunarefni, samræðuverkefni og lesskilning. Nemendur skila verkefnum bæði munnlega og skriflega. Horfum á þætti og kvikmyndir til að efla áhuga og æfa hlustun.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Til grundvallar eru valdir kaflar úr bókinni **Smil**, les- og vinnubók.

Stefnt er að því að vekja áhuga nemenda á dönsku og kynna fyrir þeim danska menningu og siði. Unnið verður með orðaforða tengdan efninu og farið í grunnþætti málfræðinnar. Hlustunarefningar, lesnar smásögur og horft á þætti/kvikmynd. Fjölbreytt skilaverkefni sem unnin eru bæði í hópum og sem einstaklingar.

Skilaverkefni eru bæði munnleg og skrifleg sem reyna á alla 5 færniþættina.

Námsmat

Námsmat fer fram yfir allan veturinn og verða ýmis verkefni, kynningar og próf, bæði munnleg og skrifleg lögð fyrir þar sem ákveðnir námsþættir eru metnir hverju sinni. Frammistaða og virkni nemenda í tímum er einnig metin sem og vinnubækur nemenda og glósur. Stuðst verður við leiðsagnarmat og sjálfsmat.

Námsgögn

- Smil, les- og vinnubók
- Efni frá kennara
- Efni af netinu
- Þættir/kvikmyndir, tónlist ofl.
- Smásögur

Kennari áskilur sér rétt til að breyta kennsluáætlun án fyrirvara.

AS Danska 9. bekkur 2019 - 2024 - Lykilhæfni

- farið eftir fyrirætlum og nýtt tímann vel
- axlað ábyrgð á náminu og gefa góðan vinnufrið
- átt í góðum samskiptum við aðra

AS Danska 9. bekkur 2019 - 2024 - Hlustun

- hlustað eftir upplýsingum og brugðist við eða unnið úr þeim

AS Danska 9. bekkur 2019 - 2024 - Lesskilningur

- aflað sér upplýsinga úr texta og nýtt sér til verkefnavinnu
- lesið sér til gagns rauntexta úr dagblöðum, netmiðlum og smásögur

AS Danska 9. bekkur 2019 - 2024 - Orðaforði

- geti nýtt orðaforða tengdan námsefninu til verkefnavinnu

AS Danska 9. bekkur 2019 - 2024 - Frásögn

- flutt stutta frásögn eða kynningu blaðalaust

AS Danska 9. bekkur 2019 - 2024 - Ritun

- skrifað texta um málefni sem hann þekkir

AS Danska 9. bekkur 2019 - 2024 - Menningarläsi

- sýnt fram á að þekki til siða, hefða og menningar á viðkomandi málsvæði og borið saman við eigin menningu